

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 2. mars 2017 - R17020248

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
	Annað:	
R17010040	Ályktun bæjarstjórnar Seyðisfjarðar um lokun brautar 06/24, dags. 15.2.'17.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R16050090	Svar ípróttta- og tómsfundasviðs, dags. 20.2.'17, við fyrirspurn hverfisráðs Grafarvogs, dags. 11.10.'17, um byggingu ípróttahúss í Grafarvogi	Sent hverfisráði Grafarvogs til kynningar.
R16030056	Bréf Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, dags. 21.2.'17, um endurgreiðsluhlutafall launagreiðenda á greiddum lífeyri.	Sent fjármálaskrifstofu til meðferðar.
R15020150	Bréf Brunabótafélags Íslands, dags. 23.2.'17, varðandi styrktarsjóð EBÍ 2017.	Sent borgarfulltrúum og skrifstofu borgarstjóra til kynningar.
R17020212	Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um mat á árangri samnings um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd, dags. 23.2.'17.	Sent velferðarsviði til meðferðar.
R17020246	Bréf Múlabæjar, dags. 18.1.'17, varðandi nýtt húsnæði fyrir Múlabæ, beiðni um stuðning.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og velferðarsviði til umsagnar.
R15020225	Bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 27.2.'17, varðandi samstarf að uppbyggingu svæðis á Ártúnshöfða.	Sent borgarlögmanni til yfirferðar.
R16020081	Bréf skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, dags. 23.1.'17, varðandi lóðarvilyrði við Vatnagarða 36.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.



Borgarráð

Vatnagarðar 36, lóðarvilyrði.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Slippfélaginu kt. 631209-1650, Dugguvogi 4, 104 Reykjavík, lóðarvilyrði fyrir lóð við Vatnagarða fyrir byggingarrétt allt að 2000 fermetra byggingu og 7 metra lofthæð með fyrirvara um samþykki deiliskipulags sem endanlega staðfestir lóðina og heimilað byggingarmagn á henni. Lóðarverðið er kr. 40.000 pr. byggingarfermeter að meðtöldu gatnagerðargjaldi er og það útboðsverð í síðasta útboði á byggingarrétti á atvinnuhúsnæði við Gylfaflöt.

Greiða skal kaupverðið innan 45 daga frá samþykkt borgarráðs fyrir úthlutun lóðarinnar. Eftirfarandi kvaðir verða setta á úthlutun lóðarinnar á grundvelli lóðarvilyrðis þessa þar sem lóðin liggur í helgunarsvæði fyrirhugaðrar Sundabrautar:

1. Þegar deiliskipulag hefur verið samþykkt þar sem lóðin er staðfest verður henni úthlutað með þeirri kvöð að Reykjavíkurborg getur hvenær sem er tekið lóðina til baka á neðangreindum forsendum til þess að leggja hana undir vegstæði fyrirhugaðrar Sundabrautar. Komi til slíkrar ákvörðunar skal tilkynna um hvenær rýma þurfi lóð með 36 mánaða fyrirvara. Handhafi lóðarvilyrðisins skal rýma þau mannvirki sem hann hefur reist á lóðinni innan tilsetts tíma sem fram kemur í bréfi Reykjavíkurborgar um að lóðin sé endurheimt á tilgreindum skilmálum og tekur Reykjavíkurborg þátt í þeim kostnaði sem hlýst af flutningi mannvirkjanna.
2. Nýti Reykjavíkurborg þessa heimild til þess að taka lóðina til baka þá endurgreiðir Reykjavíkurborg lóðarverðið sem afskrifast línulega til 20 ára. Eftir 20 ára tímabil greiðist ekkert gjald fyrir lóðina. Reykjavíkurborg mun leitast við að finna nýja lóð fyrir starfsemi lóðarhafa komi til þess að rýma þurfi lóðina.

Náni lóðaskilmálar verða settir í úthlutunarbréf og lóðarleigusamning.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Minnisblaðs Umhverfis- og skipulagssviðs dags. 26.9.2016.

Vatnagarðar 38 lóðarleigusamningur, sjá R16030119.

Úthlutunarbréf fyrir Vatnagarðar 38, sjá R14030041.

Alp hf.

Vatnsmýrarvegi 10
101 REYKJAVÍK

Úthlutun lóðar og sala byggingarréttar við Vatnagarða 38

Á fundi borgarráðs þann 30. apríl 2015 var samþykkt að úthluta lóðinni nr. 38 við Vatnagarða til Alp hf. bílaleigu kt. 540400-2290, fyrir byggingarrétt allt að 1.000 m² byggingu. Lóðarverðið er kr. 35.000.000 og er hluti gatnagerðargjalds kr. 18.079.000 og hluti byggingarréttar kr. 16.921.000. Lóðaúthlutun þessi er liður í að leysa lóðarmál á svokölluðum U-reit við Umferðarmiðstöðina. Lóðarhafi afhendir Reykjavíkurborg núverandi hús á lóð Umferðarmiðstöðvarinnar samhliða úthlutun þessari sem hann nýtir nú fyrir starfsstöðvar sínar. Skal lóðarhafi hafa afnot að umræddu húsnæði þar til hann hefur flutt starfsemi sína á úthlutaða lóð. Gangi það ekki eftir innan 18 mánaða fellur lóðaúthlutun þessi úr gildi en afnotaréttur af U-reit, starfsstöð lóðarhafa og bifreiðaplandi, framlengist ekki.

Greiða skal kaupverðið innan 45 daga frá samþykkt borgarráðs fyrir úthlutun lóðarinnar.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir stærra hús á lóðinni en sem nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreind er fyrir lóðina, skal greitt fyrir byggingarréttinn, þ.m.t. viðbótargatnagerðargjald, hlutfallslega miðað við söluverð hans við úthlutun lóðarinnar uppreiknað miðað við byggingavísitölu. Fyrir byggingarréttinn skal greitt áður en byggingaleyfi er gefið út.

Tengigjald fráveitu og inntaksgjöld fyrir rafmagn og hitaveitu fyrir lóðina er samkvæmt gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur sem annast innheimtu gjaldanna.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs, fellur úthlutun lóðarinnar úr gildi, án sérstakrar samþykktar borgarráðs og án sérstakrar tilkynningar þar um, sbr. grein númer 1.14 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum, útgefnum í júní 2013.

Athygli er vakin á því, að framsal byggingarréttarins er óheimilt áður en gerður hefur verið lóðarleigusamningur um lóðina nema að fengnu sérstöku samþykki borgarráðs.

Gerð er grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf.

Lóðarhafi getur ekki skilað lóðinni aftur til Reykjavíkurborgar. Lóðarleigusamningur verður gerður innan sex mánaða frá úthlutunardegi sem tilgreinir nánar stærð lóðar og kvaðir á henni.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda um lóðina deiliskipulagsskilmálar fyrir lóðina Holtaveg 8-10 vegna Vatnagarða 38. Deiliskipulagsskilmálar þessi eru aðgengilegir á heimasíðu Reykjavíkurborgar, á vefslóðinni: reykjavik.is/lodir og reykjavik.is/skipulagssja.

Eftirfarandi sérskilmálar gilda um lóðaúthlutun þessa:

Vegna hagsmuna við flutning bílaleigunnar annars vegar til þess að rýma lóð á svokölluðum U-reit þar sem nú stendur Umferðarmiðstöðin og hins vegar af hagsmunum Vegagerðarinnar um að halda opinni leið fyrir lagningu Sundabrautar eru aðilar sammála um eftirfarandi skilmála:

1. Lóðinni verði úthlutað með þeirri kvöð að Reykjavíkurborg getur hvenær sem er tekið

lóðina til baka á neðangreindum forsendum til þess að leggja hana undir vegstæði fyrirhugaðrar Sundabrautar. Komi til slíkrar ákvörðunar skal tilkynna um hvenær rýma þurfi lóð með 36 mánaða fyrirvara. Lóðarhafi Alp bílaleiga skal rýma þau mannvirki sem hann hefur reist á lóðinni innan tilsetts tíma sem fram kemur í bréfi Reykjavíkurborgar um að lóðin sé endurheimt á tilgreindum skilmálum og tekur Reykjavíkurborg þátt í þeim kostnaði sem hlýst af flutningi mannvirkjana.

2. Nýti Reykjavíkurborg þessa heimild til þess að taka lóðina til baka þá endurgreiðir Reykjavíkurborg lóðarverðið sem afskrifast línulega til 20 ára. Eftir 20 ára tímabil greiðist ekkert gjald fyrir lóðina. Reykjavíkurborg mun leitast við að finna nýja lóð fyrir starfsemi lóðarhafa komi til þess að rýma þurfi lóðina.

Þórhildur L. Ólafsdóttir
e.u.

Vatnagarðar 38

Landnúmer 104958
 Fastanúmer 202-0312
 Staðgreinir 1.407.902

Lóðarleigusamningur fyrir atvinnuhúsnæði í Reykjavík

Samkvæmt samþykkt borgarráðs þann 30. apríl 2015 er:

Alp hf., kt. 540400-2290

leigjandi lóðarinnar nr. 38 við Vatnagarða af Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, sem lýst er í 1. grein hér á eftir með eftirgreindum skilmálum:

1. gr. Lóðin **Vatnagarðar 38**, hér í borg er **3.156 m²** að stærð og er gert ráð fyrir að á lóðinni verði starfrækt bílaleiga. Lögun hennar og lega er sýnd á viðfestu mælibleði Umhverfis- og skipulagssviðs, Landupplýsingadeildar, dags. 19.10.1988, sem telst hluti þessa leigusamnings.

Á lóðinni Vatnagarðar 38 eru eftirtaldar kvaðir:

- a. Kvöð um bílastæði, þ.e. fjöldi og frágangur þeirra og aðkoma sé í samræmi við gildandi deiliskipulag.
- b. Almenn kvöð um hvers konar lagnir Orkuveitu Reykjavíkur sem þörf er á.
- c. Kvöð um legu jarðstrengs.
- d. Kvöð um gröft.

Eftirfarandi sérskilmálar gilda um lóðina skv. úthlutunarbréfi dags. 5. maí 2015:

- a) Lóðinni er úthlutað með þeirri kvöð að Reykjavíkurborg getur hvenær sem er tekið lóðina til baka á neðangreindum forsendum til þess að leggja hana undir vegstæði fyrirhugaðrar Sundabrautar. Komi til slíkrar ákvörðunar skal tilkynna um hvenær rýma þurfi lóð með 36 mánaða fyrirvara. Lóðarhafi Alp hf., kt. 540400-2290, skal rýma þau mannvirki sem hann hefur reist á lóðinni innan tilsetts tíma sem fram kemur í bréfi Reykjavíkurborgar um að lóðin sé endurheimt á tilgreindum skilmálum og tekur Reykjavíkurborg þátt í þeim kostnaði sem hlýst af flutningi mannvirkjanna.
 - b) Nýti Reykjavíkurborg þessa heimild til þess að taka lóðina til baka þá endurgreiðir Reykjavíkurborg lóðarverðið sem afskrifast línulega til 20 ára. Eftir 20 ára tímabil greiðist ekkert gjald fyrir lóðina. Reykjavíkurborg mun leitast við að finna nýja lóð fyrir starfsemi lóðarhafa komi til þess að rýma þurfi lóðina.
2. gr. Lóðin er leigð til 50 ára, talið frá 1. mars mánaðar árið 2016.
3. gr. Leigutaka er skylt að hlíta þeim skilmálum Reykjavíkurborgar sem varða lóðina, mannvirki á henni, lagnir, leiðslur og um frágang hennar sem og deiliskipulagsskilmálum og öðrum samþykktum sem um lóðina gilda. Skilmálarnir eru almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar, sem samþykktir voru af borgarráði 13. júní 2013, og samþykktir deiliskipulagsskilmálar fyrir lóðina Holtaveg 8-10 vegna

Vatnagarða. Leigutaki skal ganga frá yfirborði lóðar og gróðri í samræmi við samþykktu lóðarupprætti og viðhalda henni.


Verði tímamörk vegna liða a, b og c í grein 1.6., í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum, frá 13. júní 2013, ekki virt getur borgarráð afturkallað lóðarúthlutun, sbr. gr. 1.14 í sömu skilmálum. Verði tímamörk vegna liða d og e í grein 1.6., ekki virt geta byggingarfulltrúi og Mannvirkjastofnun beitt ákvæðum 56. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010, sbr. og 2. og 3. mgr. greinar 2.9.2. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 um dagsektir og framkvæmdir á kostnað leigutaka.

4. gr. Óheimilt er að nota annað svæði en hina leigðu lóð undir uppgröft úr húsgrunni, byggingarefni og annað, sem að byggingarstarfsemi lýtur þ.m.t. vinnuskúra. Allar framkvæmdir/jarðrask utan lóðamarka eru óheimilar án skriflegs leyfis byggingarfulltrúans í Reykjavík. Óheimilt er að staðsetja gáma á lóðinni nema að fengnu stöðuleyfi byggingarfulltrúans í Reykjavík, sbr. gr. 2.6.1 í byggingarreglugerð.
5. gr. Brjótí leigutaki verulega gegn ákvæðum þessa leigusamnings, er Reykjavíkurborg heimilt að segja honum upp. Skal Reykjavíkurborg þá greiða leigutaka sannvirði húss eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands bygginganna. Flytji leigutaki hús af lóðinni, rífi niður, eða þau eyðileggjast af einhverjum ástæðum og leigutaki hefur ekki byggingu nýs húss innan 5 ára samkvæmt gildandi deiliskipulagi fellur leigusamningurinn úr gildi og fellur þá lóðin aftur til Reykjavíkurborgar, án uppsagnar eða endurgjalds.
6. gr. Ef gera þarf minniháttar breytingar/leiðréttingar á lóðamörkum eða lóðarstærð eftir því sem í leigusamningi þessum stendur vegna umferðarleiða, lagna veitufyrirtækja eða annarra almannahagsmuna er Reykjavíkurborg heimilt að þinglýsa einhliða yfirlýsingu um leiðréttu lóðarstærð að undangenginni breytingu á deiliskipulagi skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Minniháttar breytingar/leiðréttingar á lóð til stækkunar eða minnkunar í þessu sambandi merkja breytingar sem geta numið allt að 10% af lóðarstærð, eftir aðstæðum á hverjum stað, samkvæmt gildandi mæliblaði landupplýsingadeildar Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Ekki er þörf á deiliskipulagsbreytingu ef um að ræða leiðréttingu á lóðastærð vegna uppmælingar lóðar sem hefur ekki áhrif á lóðamörk.
7. gr. Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld sem lögð eru eða verða lögð á lóðina. Fjárnámsréttur er fyrir fasteignagjöldum, lóðarleigu, opinberum gjöldum, sköttum, vöxtum og dráttarvöxtum, samkvæmt lögum um aðför nr. 90 frá 1989 og eru hús og önnur mannvirki á lóðinni að veði fyrir lóðargjaldinu.
8. gr. Ársleiga af lóðinni skal ákveðin af borgarstjórn, sbr. 2. gr. laga nr. 86 frá 1943 um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar. Um innheimtu og gjalddaga leigunnar fer eftir þeim reglum er um innheimtu fasteignagjalda í Reykjavík gilda á hverjum tíma, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Standi leigutaki ekki skil á greiðslu lóðarleigunnar er heimilt að innheimta hana með aðför í húsum og mannvirkjum á lóðinni án undangengis dóms eða sáttar samkvæmt 9. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90 frá 1989. Lóðarleiga er tryggð með lögveðsrétti í þeim byggingum, sem á lóðinni standa, í tvö ár eftir gjalddaga, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1943. Um dráttarvexti fer eftir gildandi vaxtalögum á hverjum tíma og 5. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

9. gr. Vilji Reykjavíkurborg að loknum leigutímanum ekki leyfa leigutaka með nýjum lóðarleigusamningi að láta hús, sem þá er/eru á lóðinni, standa þar áfram, skal greiða leigutaka sannvirði hússins eða húsanna eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands bygginganna. Aðilar deila með sér matskostnaði. Hvor aðili um sig, Reykjavíkurborg og leigutaki, tilnefna sinn hvorn matsmanninn.
10. gr. Leigutaka er heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn að lóðinni í heild, ásamt húsum þeim og mannvirkjum, sem á henni verða gerð. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefur undirgengist gagnvart Reykjavíkurborg með þessum leigusamningi. Brot á lóðarleigusamningi þessum varðar þá sem síðar fá lóðina til afnota, hinum sömu viðurlögum og hinn upphaflega leigutaka.
11. gr. Ekki er hægt að skila lóðinni aftur til Reykjavíkurborgar, sbr. 1.14.gr. almennra lóða- og framkvæmdaskilmála frá 13. júní 2013.
12. gr. Rísi ágreiningu um lóðarleigusamning þennan skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
13. gr. Leigutaki greiðir kostnað við þinglýsingu á lóðarleigusamningi þessum.
14. gr. Með undirritun sinni lýsir leigutaki því yfir að hann gengur að þessum leiguskilmálum og skuldbindur sig til að halda þá í öllum greinum.
15. gr. Af lóðarleigusamningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglýsingar.

Reykjavík 31. mars 2016.



F.h. Reykjavíkurborgar
skrifstofa eigna og atvinnuþróunar







F.h. Alp hf., kt. 540400-2290

Vottar að rétttri dagsetningu,
undirskrift og fjárræði leigutaka:


Kt. 080568-4619


Kt. 197781-4104

Fyrst gefið úl 26. 6. 1986. Síðasta breyting 19. 10. 1988.



Mælisíð 1.407.9
 Reykjavík, 1.500

Nr.	X-átt	Y-átt
101	18223, 0820	17481, 3826
102	18252, 0283	17483, 1562
105	18222, 8750	17493, 1129
106	18288, 5382	17530, 1242
107	18288, 0585	17502, 6434
108	18250, 1813	17515, 4714
109	18268, 2893	17530, 1592
204	18220, 2414	17535, 4835

Úpprentun þess baki: sé vera í útgáfunum EYVINGA



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Málsnúmer: USK2014110030

Minnisblað v. Vatnagarða 36.

Reykjavík 26.09.2016

Varðar mögulega byggð á lóð norðan við Vatnagarða nr. 38. Líklegt er að skerða verði lóðina verulega vegna Sundabrautar og tengdra framkvæmda.

Ekki liggur fyrir umferðarskipulag vegna tengingar Sundabrautar við Sæbraut. Lagst er gegn varanlegri úthlutun lóðarinnar. Mögulegt er að úthluta lóðinni til bráðbirgða, með fyrirvörum og þá til skamms tíma.

Stefán Agnar Finnsson,
yfirverkfræðingur



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Embætti borgarlögmanns

Umsögn um tillögu um að veita Slippfélaginu ehf. vilyrði um lóð að Vatnagörðum 36

Með tölvuskeyti, dags. 10. janúar 2017, óskaði skrifstofa borgarstjórnar eftir því að borgarlögmaður færi yfir tillögu skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (hér eftir skammstafað SEA) til borgarráðs, dags. 3. janúar 2017, þess efnis að veita Slippfélaginu ehf., kt. 631209-1650, Dugguvogi 4, 104 Reykjavík, vilyrði fyrir lóð að Vatnagörðum 36. Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn borgarlögmanns.

1. Í minnisblaði Stefáns Agnars Finnssonar, yfirverkfræðings hjá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 26. september 2016, sem fylgdi með tillögu SEA, kemur fram að líklegt sé að skerða verði lóðina verulega vegna fyrirhugaðrar lagningar Sundabrautar og tengdra framkvæmda á svæðinu. Því sé lagst gegn varanlegri úthlutun lóðarinnar, en fallist á að hugsanlega sé unnt að úthluta lóðinni til skamms tíma með fyrirvörum. Samkvæmt framangreindu þarf að kanna hvort fyrirhugað byggingarmagn á lóðinni, þ.e. 2.000 fermetra bygging með sjö metra lofthæð, sé í samræmi við deiliskipulagsáform á reitnum og jafnframt þarf að marka leigusamningi um lóðina skemmri leigutíma en 50 ár, en það er sá leigutími sem almennt á við um atvinnulóðir. Þá þarf að setja fyrirvara við úthlutun lóðarinnar í formi tiltekins uppsagnarfrests.
2. Í tillögu SEA kemur fram að lóðarverðið sé kr. 40.000 fyrir hvern fermetra sem heimilt verður að byggja og að gatnagerðargjald sé innifalið í þeirri fjárhæð. Jafnframt segir í tillögunni að við ákvörðun lóðarverðs hafi verið horft til útboðsverðs í síðasta útboði á byggingarrétti á atvinnuhúsnæði við Gylfaflöt. Hér þarf að breyta textanum á þá leið að gjald fyrir byggingarrétt á lóðinni sé ákveðin krónutala á fermetra, enda er um að ræða sölu á byggingarrétti en ekki lóð.

Þá er tilefni til þess að athuga hvort fyrirhugað byggingarréttargjald sé verðlagt með réttum hætti í ljósi þess að það virðist ákvarðað út frá byggingarréttargjaldi fyrir atvinnulóð við Gylfaflöt. Það er vel þekkt að söluverð byggingarréttar er nokkuð mismunandi eftir meðal annars staðsetningu lóðar og byggingarheimildum samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Hér er um að ræða tvö ólík svæði, en ef til vill má leiða líkur að því að byggingarréttur á atvinnulóð sem er í hverfi 104 í Reykjavík sé verðmætari en sams konar réttur á atvinnulóð í hverfi 112 í Reykjavík. Þessu til stuðnings skal bent á skýrsluna Fasteignamat 2017, sem gefin var út af Þjóðskrá Íslands í október 2016, en þar kemur fram að hærri svæðisstuðull og lóðarstuðull er á matssvæðinu

Garðar/Vogar/Örfirisey, sem lóð að Vatnagörðum fellur undir, heldur en á matssvæðinu Úthverfi, sem lóð að Gylfaflöt myndi tilheyra. Á það við hvort sem er um að ræða skrifstofuhúsnæði eða iðnaðarhúsnæði. Jafnvel þótt óvissa um framtíð starfsemi tilvonandi lóðarhafa á umræddri lóð sé þess eðlis að almennt ætti hún að leiða til lækkunar á byggingarréttargjaldi, þá er opinberum aðilum skylt að nota upplýsingar fasteignaskrár eftir því sem við getur átt sem grundvöll í öllum viðskiptum sínum og einnig í hvers konar verðmætisviðmiðunum, sbr. 25. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Að auki þá er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg taki þátt í flutningskostnaði mannvirkis ef til þess kemur, sbr. töluliður 3, en slíkt fyrirkomulag er til þess fallið að draga úr óhagræði og óvissu sem almennt fylgir tímabundinni ráðstöfun lóðarréttinda.

Ekki verður ráðið af tillögunni eða greinargerð með henni að Reykjavíkurborg hafi auglýst eftir umsóknum um úthlutun lóðarinnar og sölu á byggingarréttinum eða boðið út byggingarréttinn. Hafi hvorug aðferðin verður viðhöfð, þá þarf samkvæmt leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA (hér eftir skammstafað ESA) um sölu opinberra aðila á landi eða fasteignum að afla verðmats frá löggiltum fasteignasala eða matsmanni, einum eða fleiri, til að finna út markaðsverð byggingarréttarins.

3. Í tillögu SEA kemur fram að komi til þess að Reykjavíkurborg þurfi að taka lóðina til baka til þess að leggja hana undir vegstæði fyrir Sundabraut, þá muni Reykjavíkurborg taka þátt í kostnaði lóðarhafa við að flytja þau mannvirki sem hann hefur reist af lóðinni. Hér þarf að gæta annars vegar að jafnræði, þ.e. hvort Reykjavíkurborg sé almennt að taka þátt í kostnaði einkaaðila við að flytja mannvirki af leigulóð og hins vegar að Reykjavíkurborg sé með þessu fyrirkomulagi ekki að ívilna Slippfélaginu ehf. Með öðrum orðum þá verður Reykjavíkurborg að fá sanngjarnan hagnað af leigu lóðarinnar og sölu byggingarréttarins og sá hagnaður má ekki skerðast verulega eða verða að engu með því að Reykjavíkurborg taki þátt í kostnaði félagsins við að flytja mannvirki af lóðinni, ef og þegar til þess kemur. Þar sem Slippfélagið ehf. áformar að reisa 2.000 fermetra byggingu á lóðinni er ljóst að flutningur slíks mannvirkis af lóðinni verði kostnaðarsamur. Ekki liggja sömu rök að baki ákvæði um að taka þátt í flutningskostnaði og eiga við um ákvæði þess efnis að sveitarfélag kaupir mannvirki sem stendur á lóð að loknum leigutíma, en opinberum aðila sem landeigenda er frjálst en ekki skylt að semja um slíkt fyrirkomulag. Þannig kemur í fyrnefnda tilvikinu endurgjald fyrir í formi mannvirkis á meðan ekkert endurgjald kemur fyrir kostnað sveitarfélagsins í síðarnefnda tilvikinu.

Fyrir hönd borgarlögmans,



Ebba Schram



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 27. febrúar 2017

R15020225

6610

Borgarráð

Samstarf að uppbyggingu svæðis á Ártúnshöfða


Þess er óskað að borgarráð samþykki hjálagða viljayfirlýsingu á milli Reykjavíkurborgar, Heildar fasteignafélags hf, og Klasa ehf. um samstarf að undirbúningi og uppbyggingu svæðis á Ártúnshöfða vestan Breiðhöfða.

Greinargerð .

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar hefur að undanfögnu átt könnunarviðræður við lóðarhafa á Ártúnshöfða vestan Breiðhöfða um samstarf að undirbúningi og uppbyggingu svæðisins. Þessar viðræður eru byggðar á samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 um uppbyggingu í Elliðaárvogi/Ártúnshöfða. Haldnir hafa kynningarfundir með lóðarhöfum og einnig hefur áhugi flestra þeirra til samstarfs um uppbyggingu verið kannaður með viðræðum. Möguleikar á stofnun sérstaks þróunarfélags hefur einnig verið kannaður, en fallið er frá þeirri hugmynd, a.m.k að sinni, vegna skatttæknilegra atriða.

Tveir stórir lóðarhafar á svæðinu hafa lýst yfir vilja til samstarfs um fornlega uppbyggingu á svæðinu. Um er að ræða fyrirtækin Heild fasteignafélags hf, f.h. Árlands ehf. og Klasa ehf., fh. Elliðaárvogs ehf. Reykjavíkurborg og fyrirtæki þessi hafa yfir að ráða svæði sem er rúmí 273.000 fermetrar að stærð.

Viljayfirlýsingin fjallar um að vinna deiliskipulagstillögu í samstarfi við skipulagsfulltrúa og umhverfis- og skipulagssvið, semja um fyrirkomulag að uppbyggingu svæðisins, gera nýjar lóðir byggingarhæfar og kanna möguleika á að ráðstafa lóðunum sameiginlega. Í viljayfirlýsingunni eru ákvæði um forsendur fyrir þátttöku, kostnaðarskiptingu á aðkeyptri vinnu, skiptingu verkefnisins í þrjá áfanga og sameiginlegan stýrihóp. Öðrum lóðarhöfum á svæðinu, sem uppfylla skilyrði, er tryggð þátttaka í samstarfinu.



Einar I. Halldórsson

Hjálagt:

Viljayfirlýsing um samstarf að uppbyggingu svæðis á Ártúnshöfða vestan Breiðhöfða.

Viljayfirlýsing um samstarf að undirbúning og uppbyggingu svæðis á Ártúnshöfða vestan Breiðhöfða

Í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 hefur á vegum umhverfis- og skipulagssviðs verið unnið rammaskipulag um uppbyggingu við Elliðavog – Ártúnshöfða og skrifstofa eigna og atvinnuþróunar hefur kannað viðhorf lóðarhafa á svæðinu og áhuga þeirra til samstarfs um uppbyggingu hverfisins í samræmi við fyrirbyggjandi hugmyndir um breytta nýtingu.

Á grundvelli viðræðna hafa Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Heild fasteignafélag hf., kt. 480316-0530 f.h. Árlands ehf., kt. 420307-3060, Reykjavík og Klasi ehf. kt. 540607-1250 f.h. Elliðaársvogs ehf., kt. 631012-0430, lýsa yfir vilja sínum að undirbúningi og uppbyggingu svæðis, sem aðilar yfirlýsingar hafa til umráða á Ártúnshöfða og Elliðaárvogi, á eftirfarandi grundvelli:

1. Aðilar áforma sameiginlega:

- Að hlutast til um að unnin verði deiliskipulagstillaga af svæði sem afmarkast af lóðum/löndum aðila á Ártúnshöfða og við Elliðaárvog. Svæðið sem yfirlýsingin nær til er auðkennt á fylgiskjali nr. 1 með yfirlýsingu þessari.
- Semja um fyrirkomulag og uppbyggingu á svæðinu.
- Að að gera lóðir byggingarhæfar.
- Skoða til hlítar möguleika þess að ráðstöfun lóða á svæðinu verði sameiginleg.

2. Markmið undirbúningsvinnu og samstarfs þessa er að hámarka gæði skipulagsins á svæðinu. Ljóst er að horfa þarf til stærra svæðis, en er til umráða hjá aðilum yfirlýsingar, til að ná fram helstu markmiðum sem sett hafa verið fram m.a. í rammaskipulagi fyrir svæðið þrátt fyrir að deiliskipulagstillaga verði unnið fyrir ákveðna hluta svæðisins. Markmið aðila er að nógildandi lóðarmörk hafi ekki áhrif á útfærslu deiliskipulagstillögu og horft verði til heildarhagsmuna.

3. Forsendur fyrir þátttöku í samstarfinu eru að lóðaleigusamningar viðkomandi við Reykjavíkurborg séu í fullu gildi. Gert er ráð fyrir að viðmið verði sett varðandi veðsetningu lóða til þess að koma í veg fyrir óhóflega skuldsetningu og veðsetningu lóða.

4. Kostnaðarskipting vegna aðkeyprar þjónustu við undirbúningsvinnu skiptist milli aðila í hlutfalli við flatarmál lóðar hvers og eins, eins og það er sýnt á meðfylgjandi fylgiskjali 1. Önnur samningagerð milli aðila skal einnig grundvallast á þessari skiptingu. Aðilar munu sameiginlega vinna að gerð kostnaðaráætlunar.

5. Hafi aðrir lóðarhafar vestan Breiðhöfða, sem uppfylla skilyrði 3. tl., áhuga á að koma inn í þetta samstarf eru aðilar sammála um að það gerist á sama grundvelli. Stærð lóðar viðkomandi ákvarðar hlutdeild í kostnaði verkefnisins. Áföllnum kostnaði skal þá skipt aftur upp samkvæmt nýjum hlutföllum eftir að nýr aðili kemur inn í samstarfið.

6. Til grundvallar undirbúningsvinnu er tímaáætlun.

Vinnunni skal skipt í þrjá áfanga, sem skilgreindir eru í 7, 8 og 9 tl. yfirlýsingar þessarar.

Að loknum hverjum áfanga skal staða verkefnisins metin og samstarf aðila endurnýjað ef grundvöllur til þess reynist fyrir hendi.

7. Áfangi 1 – Deiliskipulagsvinna. Fyrir liggur rammaskipulag sem Reykjavíkurborg hefur látið vinna fyrir Elliðaárvog og Ártúnshöfða. Á grundvelli rammaskipulagsins verður unnin deiliskipulagstillaga í samráði við umhverfis- og skipulagssvið fyrir svæðið, sbr. fylgiskjal nr. 1. Framvinda deiliskipulagsvinnunnar skal reglulega kynnt fyrir umhverfis- og skipulagsráði. Við deiliskipulagsvinnuna skal sérstaklega horft til þess að skapa gott jafnvægi milli íbúðarhúsnæðis, atvinnuhúsnæðis og þjónustu í hverfinu, auk tenginga við almenningssamgöngur.

Jafnframt verður unnin áætlun um nýtingarhlutfall lands og frummat á kostnaði við innviði og opin svæði. Frumkostnaðaráætlun skal ná til gatnagerðar, breytinga á lögnum sem þarf að afskrifa, kostnaður við blágrænar lausnir svæðisins, gatnalýsingu og gerð opinna svæða. Ennfremur skal matið ná til annarra innviða svo sem skóla og leikskóla, sem svæðið notar hlutfallslega með öðrum framtíðarsvæðum í Elliðaárvogi/Ártúnshöfða.

8. Áfangi 2 – Samningar. Útbúa rammasamning milli Reykjavíkurborgar og lóðarhafa á grundvelli samningsmarkmiða Reykjavíkurborgar. Rammasamningur skal m.a. ákvarða um hlutfallslega kostnaðarþátttöku svæðisins við gerð innviða, greiðslutilhögun og tímasetningar greiðslna vegna innviðagerðar. Jafnframt skal ákvarða um önnur atriði sem fram koma í samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar frá nóvember 2014, svo sem hlutfall leiguíbúða á svæðinu, kauprétt Félagsbústaða á íbúðum og listskreytingar. Sérstaklega skal fjalla um væntanlega Borgarlínu og þátttöku svæðisins í mögulegri uppbyggingu hennar. Vinna skal einnig áætlun um hver gatnagerðargjöld svæðisins verða.

9. Áfangi 3 – Ráðstöfun byggingarlóða – Innviðagerð. Reykjavíkurborg áformar að fjármagna innviðagerð svæðisins, en fyrirhugaðar innviðagreiðslur frá lóðarhöfum munu ganga upp í þennan kostnað. Reykjavíkurborg mun gera lóðaleigusamninga samkvæmt nýju deiliskipulagi. Aðilar munu skoða nánar að útfæra í sameiningu leiðir til að selja/úthluta sameiginlega þeim lóðum sem til verða. Horft verður til þess að skipting kostnaðar og tekna verði jöfn og ráðist af lóðarstærð. Vilji aðila stendur til þess að eiga náið og traust samstarf um sölu lóða á svæðinu, þar sem hugað verður að því uppbygging verði eins hröð, hagkvæm og skynsamleg og kostur er. Í því felst m.a. að aðilar hagi niðurrifi núverandi húsnæðis í samræmi við hagsmuni allra aðila. Þar til kemur að niðurrifi og afskráningu lóðar hvers aðili samkomulagsins ber hann ábyrgð á sínum fasteignum og lóð.

10. Samstarf aðila um fyrirhugaða uppbyggingu á svæðinu byggir á samþykkt Reykjavíkurborgar frá 27. nóvember 2014 um samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum.

11. Stýrihópur. Skipaður verður sérstakur stýrihópur sem vinna skal að markmiðum þessarar yfirlýsingar og samstarfi aðila. Hver lóðarhafi, sem tekur þátt í samstarfi þessu, skipar einn fulltrúa, umhverfis- og skipulagssvið skipar einn fulltrúa og einn fulltrúi er skipaður af skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

12. Viljayfirlýsing felur í sér markmið aðila, en er háð því að samkomulag náist um nánari útfærslu þeirra atriða sem um er fjallað í yfirlýsingunni.

Reykjavík, . mars 2017.


F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykkt borgarráðs.

F.h. Klasa ehf. og Elliðaárvogs ehf.

borgarstjóri

F.h. Heildar fasteignafélags hf. og Árlands ehf.

Vitundarvottar:







Reykjavík, 18. janúar 2017.

Berist til: Borgarráðs Reykjavíkurborgar

Erindi: Nýtt húsnæði fyrir Múlabæ, dagbjálfun fyrir aldraða og öryrkja. Beiðni um stuðning.

Múlabær hefur lengi leitað að hentugu húsnæði undir starfseminna, sem nú hefur verið í 34 ár á sama stað. Húsnæðið er orðið óviðunandi og hentar ekki lengur vegna versnandi heilsufars og aukins hrumleika skjólstæðinganna. Einnig hefur verið staðfestur myglusveppur í húsinu.

Nú býðst Múlabæ húsnæði til leigu að Síðumúla 32, sem að myndi henta starfseminni mjög vel með nauðsynlegum breytingum. Frumkostnaðaráætlun, sem leigusali hefur lagt fram, hljóðar upp á kr. 124.000.000,- sem að gerir kr. 1.150,- hækkun á fermetra á mánuði. Grunnleiguverð er kr. 1.750,- á fermetra á mánuði og færi í kr. 2.900,- á fermetra á mánuði með breytingum. M.v. núverandi daggjöld mun Múlabær ekki ráða við að fjármagna allan nauðsynlegan breytingakostnað.


Við óskum eftir að ríki og/eða borg fjármagni breytingakostnað, að fullu eða að verulegum hluta. Við höfum kynnt okkur reglur Framkvæmdasjóðs aldraða og höfum nú þegar sent erindi til ritara stjórnar sjóðsins.

Meðfylgjandi eru frekari upplýsingar um Múlabæ en meðalfjöldi einstaklinga sem að nýtir þjónustu Múlabæjar er um 120 manns í viku hverri. Meðalaldur þeirra er um 86 ár.

Húsnæðisleit okkar hefur nú staðið í 3 ár og nú liggur á að fá svör frá opinberum aðilum hvort við fáum stuðning til að ganga til samninga um umrætt húsnæði til að geta boðið skjólstæðingum Múlabæjar upp á mannsæmandi aðstöðu. Það er nauðsynlegt að fá að heyra afstöðu borgarráðs til erindisins sem fyrst.

Með von um skjót viðbrögð,

F. h. Stjórnar Múlabæjar


Sigurveig H. Sigurðardóttir

Formaður stjórnar Múlabæjar


Þórunn Bjarney Garðarsdóttir

Forstöðumaður Múlabæjar

Upplýsingar um Múlabæ, dagþjálfun fyrir aldraða og öryrkja.

Múlabær, dagþjálfun, hefur frá stofnun árið 1983 verið til húsa í Ármúla 34. Stofnaðilar voru Reykjavíkurdæld Rauða krossins, SÍBS og Samtök aldraðra. Félag eldri borgara kom fljótlega inn í stað Samtaka aldraðra. Árið 2010 var rekstrarforminu breytt í sjálfseignarstofnun.

Í dag er meðalaldur skjólstæðinga Múlabæjar 86 ár og margir eru mjög hrumir og þurfa sérhæfða þjónustu. Meðalfjöldi einstaklinga sem að nýttir þjónustu Múlabæjar er um 120 manns í viku hverri. Leyfi er fyrir 52 plássum og til viðbótar eru 4 svokölluð Landspítalapláss, en þá tókum við á móti einstaklingum beint frá spítalanum. Búið er að samþykka að þessi pláss út mars-mánuð en framhaldið er óljóst.

Þjónustan gerir þessum öldruðu einstaklingum kleift að búa heima í sjálfstæðri búsetu í stað þess að fara á hjúkrunarheimili. Nú eru um 100 manns á biðlista eftir þjónustu. Dæmi um aðstoð sem að veitt er í Múlabæ: lyfjagjafir, sáraskipti, aðstoð við athafnir daglegs lífs eins og böðun, ráðgjöf, leikfimi og styrkjandi æfingar, félagsstarf og fjölbreytt starf á vinnustofu.

Húsnæðið að Ármúla 34 hefur þjónað starfseminni vel en nú er svo komið að mikil þörf er fyrir nýtt húsnæði. Lyfta og aðkoma að húsinu er mörgum skjólstæðingum erfið. Starfsemin fer fram á tveimur hæðum, inngangurinn er á þeirri þriðju. Margir skjólstæðinganna eru með göngugrindur og nokkrir í hjólastól. Það er ljóst að mikill hagur yrði af því að vera með starfseminna á einni hæð.

Unnið hefur verið að því í 3 ár að finna starfsemi Múlabæjar hentugt húsnæði og mæta þannig þörfum skjólstæðinganna, allt aðgengi yrði sniðið að þeirra þörfum og þar að auki yrði aðstaða til útivistar. Árið 2015 bauðst hentugt húsnæði en þar sem að ekki fékkst samþykki ráðuneytisins fyrir aukningu um 4 dagdvalarpláss var ljóst að Múlabær réði ekki við uppsett leiguverð og varð frá að hverfa.

Nú er komin upp nýtt mál sem að ýtir enn frekar á að Múlabær skipti um húsnæði en það er niðurstaða skoðunar sem Efla, verkfræðisstofa gerði. Í ljós kom að myglusveppur er í húsnæðinu og þörf er á gagngerum endurbættum. Múlabær er í raun knúinn til að flytja.

BORGARRÁÐ 23. febrúar 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um mat á samningu um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd - R17020212

Með vísan til framlagðs svars við fyrirspurn í lið 38 í fundargerðinni og bókun þar undir, þá er lagt til að borgarráð samþykki að beina því til Velferðarsviðs að hefja þegar vinnu með Útlendingastofnun að sameiginlegu mai á árangri samnings sambandsins, enda segir í samningnum að samningsaðilar skuli gera árangursmat sameiginlega með tillit til framhaldssamnings, þann samning sem gerður var 2015 og rann út 31.12.2016.

27. feb. 2017

Bréfalykill: 50



Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Kópavogi, 23. febrúar 2017.

Efni: Styrktarsjóður EBÍ 2017.

Styrktarsjóður EBÍ var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarpáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum. Mörg ólík verkefni hafa verið styrkt, en sammerkt er með þeim að þau teljast ekki til almenns rekstrar sveitarfélagsins heldur er hér yfirleitt um að ræða sérstök framfaraverkefni í þágu byggðarlaganna.

Einungis aðildarsveitarfélögum EBÍ er heimilt að senda inn umsókn í sjóðinn og hvert sveitarfélag getur aðeins sent inn eina umsókn. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu EBÍ; www.brunabot.is undir liðnum „Styrktarsjóður“. Til úthlutunar eru 5 milljónir króna og er umsóknarfrestur til aprílloka.

Vil ég vekja sérstaka athygli á því að stjórn EBÍ hefur samþykkt tvær breytingar á reglunum. Nú er kveðið á um að sveitarfélag geti að öllu jöfnu ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð sbr. þriðju málsgrein í 3. gr. og í 8. gr. er hnykk á skilaskyldu greinargerðar um framgang verkefnisins.

Bréf þetta er skrifað til kynningar á málinu og er sveitarfélaginu hér með boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem fellur undir meðfylgjandi reglur sjóðsins, en þær er einnig hægt að nálgast á heimasíðu félagsins.

Að gefnu tilefni vil ég ítreka að umsóknir skulu vera vegna **sérstakra framfaraverkefna** á vegum sveitarfélaganna en ekki vegna almennra rekstrarverkefna þeirra, og skal skilað á sérstöku **umsóknareyðublaði**.

Umsóknarfresturinn er eins og fyrr segir til aprílloka.

Allar frekari upplýsingar viðvirkjandi styrktarsjóðinn gefa Anna Sigurðardóttir og Þuríður Dan Jónsdóttir. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið brunabot@brunabot.is, ef það er ekki mögulegt er hægt að senda þær á Styrktarsjóð EBÍ, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Anna Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri.



REGLUR FYRIR STYRKARSJÓÐ EBÍ

1. gr.

Starfrækja skal styrktarsjóð innan vébanda Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands sem nefnist Styrktarsjóður EBÍ.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja og styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarþáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum.

3. gr.

Þau sveitarfélög sem aðild eiga að fulltrúaráði EBÍ geta sent inn eina umsókn um styrk fyrir tiltekin verkefni eða vinnuhóp.

Heimilt er að sveitarfélög, tvö eða fleiri, sameinist um verkefni sem sótt er um styrk út á.

Að öllu jöfnu getur sveitarfélag ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð.

4. gr.

Hlutfall styrkja skal aldrei vera hærra en sem nemur 50% af áætluðum heildarkostnaði. Heimilt er að greiða út styrkfjárhæð eftir framgangi verks.

5. gr.

Stjórn EBÍ setur þessar reglur og fer með stjórn sjóðsins. Stjórn er heimilt að setja verkefni/rannsóknir í forgang sem geta nýst öðrum sveitarfélögum og/eða hafa almenna skírskotun.

Almenn rekstrarverkefni sveitarfélaga eru ekki styrkhæf.

6. gr.

Stjórn EBÍ er heimilt að verja og ákveða upphæð til Styrktarsjóðsins sem taki mið af árlegri ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaganna, þó aldrei lægri upphæð en fimm milljónum króna árlega.

7. gr.

Umsóknarfrestur er til aprílloka og skal umsóknum skilað inn á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Með umsókninni skal fylgja greinagóð lýsing á verkefninu með verkáætlun, tímaáætlun og kostnaðaráætlun.

Úthlutun styrkja skal vera lokið fyrir lok júnímánaðar.

8. gr.

Að verkefni loknu skal viðkomandi sveitarfélag/styrkþegi gera EBÍ grein fyrir ráðstöfun fjárins og árangri verkefnisins. Sveitarfélag getur ekki vænst þess að fá aftur styrk ef greinargerð um framgang verkefnisins hefur ekki verið skilað inn.

9. gr.

EBÍ áskilur sér rétt til að skýra opinberlega frá viðkomandi verkefni, stuðningi EBÍ og árangri verksins, en að öðru leyti eignast EBÍ engan rétt vegna fjárframlagsins.

Samþykkt í stjórn EBÍ 9. september 2016



Borgarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2017
Mál nr. 1701426

Efni: Endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri.


Á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins Bjarna Guðmundssonar, dagsett 30. janúar 2017. Þar er lagt til að nota óbreytt endurgreiðsluhlutfall frá árinu 2016 fyrir fyrstu mánuði ársins 2017 eða 69%. Niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar miðað við árslok 2016 liggur ekki fyrir en endurgreiðsluhlutfallið verður endurreiknað þegar hún liggur fyrir en hlutfallið getur tekið breytingum vegna breyttra líflíknatafna.

Stjórn lífeyrissjóðsins samþykkti tillögu tryggingastærðfræðingsins og vísaði málinu til afgreiðslu Borgarráðs Reykjavíkurborgar í samræmi við ákvæði gr. 22.1 í samþykktum sjóðsins sem er svohljóðandi:

Borgarsjóður og viðkomandi stofnanir sem tryggt hafa starfsmenn í sjóðnum skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekinn hundraðshluta af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Borgarstjórn ákveður hundraðshluta þennan til eigi skemmri tíma en til eins árs í senn að fenginni umsögn tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örörkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.

Hjálagt er bréf tryggingastærðfræðings.

Virðingarfyllst,
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar


Gerður Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri

2017-01-30

Gerður Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri
Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar

Umsógn um endurgreiðsluhlutfall lífeyris árið 2017

Samkvæmt 22. gr samþykktu Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar skal borgarstjórn ákveða til eigi skemmri tíma en eins ár í senn hlutfall sem borgarsjóður og viðkomandi stofnanir skulu endurgreiða sjóðnum af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið skal ákveðið að fenginni umsógn sjóðsstjórnar og tryggingastærðfræðings.

Um aðferð við útreikning á hlutfallinu segir svo í 22. grein:

“Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.”

Að því er stefnt að framlög hvers launagreiðanda, iðgjöld að viðbættum endurgreiðslum á lífeyri, standi að jafnaði undir þeim lífeyrisréttindum sem starfsmenn launagreiðandans munu njóta hjá sjóðnum. Bakábyrgð borgarsjóðs verði aðeins virk að því marki sem fjárfestingar sjóðsins hafa ekki skilað eðlilegri ávöxtun, eða ef aðrir launagreiðendur reynast ófærir um að standa við skuldbindingar sínar. Miðað verði við að sjóðurinn skuli til jafnaðar ná 3,5% ávöxtun umfram hækkun verðlags.

Athugun var gerð á nauðsynlegu endurgreiðsluhlutfalli á árinu 2014. Miðað við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar sjóðsins í lok árs 2013 um skuldbindingar, og þær reikniforsendur sem þar eru notaðar reiknast sem endurgreiðsluhlutfall hefði að jafnaði þurft að vera 66,5%, þannig að ekki reyndi á bakábyrgð Reykjavíkurborgar. Endurgreiðsluhlutfall hefur jafnan verið reiknað út miðað við sjóðinn allan, og er þessi útreikningur einnig gerður þannig, þar sem að ekki er til sundurliðun iðgjalda fyrri ára og lífeyrisgreiðslna aðgreint fyrir b-deild og aðalsjóð. Endurgreiðslur hafa ekki verið innheimtar vegna lífeyris úr b-deild sjóðsins. Þar sem endurgreiðsla er aðeins látin ná til aðalsjóðs (Sjóðfélagar sem hafa greitt til sjóðsins fimm ár hið minnsta) þarf endurgreiðsluhlutfall þar að vera 69% til að útreiknað hlutfall náist fyrir sjóðinn allan.

Endurgreiðsluhlutfallið hefur verið óbreytt árin 2014 til 2016, eða 69% enda urðu ekki breytingar á þeim forsendum sem reiknað er eftir á tímabilinu. Nú hefur forsendum um lífslíkur verið breytt með ákvörðun fjármálaráðuneytis í desember á liðnu ári. Skal nú mat skuldbindinga miðað við dánar- og eftirlífendatöflur byggðar á reynslu árunna 2010-2014 í stað árunna 2007-2011. Gera má ráð fyrir að mat skuldbindinga hækki lítillega, um 1 til 2%, og þar með mat á nauðsynlegu endurgreiðsluhlutfalli. Mat á skuldbindingum sjóðsins eftir hinum nýju forsendum liggur hins vegar ekki enn fyrir, en tryggingafræðileg athugun sjóðsins miðað við lok árs 2016 verður unnin eftir hinum nýju forsendum.

Lagt er til að þar til að niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar miðað við lok árs 2016 liggja fyrir verði ákvörðun sjóðsstjórnar frá síðasta ári um 69% endurgreiðsluhlutfall í gildi. Virðist það geta rúmast innan ákvæða 22. greinar þar sem segir að ákvörðun skuli vera til eins árs hið minnsta.

Virðingarfyllt,



Bjarni Guðmundsson



Reykjavíkurborg
Íþróttta- og tómstundasvið

~~R16050090~~

R16050090

Reykjavík, 20. febrúar 2017

2016090001

3.5.0

Tilv. R16050090

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Vegna fyrirspunar hverfisráðs Grafarvogs 11. október 2016, um byggingu íþróttahúss í Grafarvogi, skal upplýst að borgarráð samþykkti á fundi sínum 15. desember 2016 samning við Knatt höllina um byggingu fjölnota íþróttahúss við hlið Egilshallar. Framkvæmdir munu hefjast innan tíðar.


Ómar Einarsson.



Borgartúni 12-14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

Reykjavík, 12. október 2016

Eftirfarandi fyrirspurn barst frá áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina beint til borgarstjóra á fundi hverfisráðs Grafarvogs þriðjudaginn 11. október 2016:

„Á mjög svo fjölmennum íbúafundi borgarstjóra með Grafarvogsbúum 12. apríl 2016 í Sportbitanum Egilshöll, lýsti borgarstjóri því yfir að hann myndi verða við því neyðarkalli Ungmennafélagsins Fjölnis, iðkenda og foreldra barna sem æfa handbolta og körfubolta sem og aðrar íþróttir sem þurfa fjölnota íþróttahús að hafið yrði sem fyrst samningaviðræður við eigendur Egilshallar um byggingu á íþróttahúsi. Óskað er eftir að eigi síðar en á fyrirhuguðum fundi íþróttar og tómstundaráðs með stjórn Ungmennafélagsins Fjölnis 25. nóvember n.k. að gefið verði upp svar hvort Borgarstjóri ætli að standa við gefið vilýrði/loforð og hefja byggingu fjölnota íþróttahúss fyrir Grafarvogsbúa og hvenær verk verði hafið og lokið.“

Fyrir hönd hverfisráðs Grafarvogs:



Þorvaldur Guðjónsson

Verkefnastjóri félagsauðs og frístunda

Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588
Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Seyðisfirði 22. feb.2017

Reykjavíkurborg
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Útskrift úr fundargerð 1720. fundar bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar 15.feb. 2017.

Eftirfarandi færtil bókar:

Miðvikudaginn 15. febrúar 2017 kom bæjarstjórn Seyðisfjarðar saman til fundar í fundarsal ípróttamiðstöðvar kaupstaðarins að Austurvegi 4 (2.hæð) kl. 16:00

Mætt voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Elfa Hlín Pétursdóttir, Margrét Guðjónsdóttir, Íris Dröfn Árnadóttir, Vilhjálmur Jónsson og Örvar Jóhannsson í stað Unnar Sveinlaugssonar sem boðaði forföll. Hildur Þórisdóttir í stað Þórunnar Óladóttur. Fundarritari var Eva Jónudóttir. Fundargerð færð í tölvu

5. Reykjavíkurborg-Neyðarbraut

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðar ályktar eftirfarandi um lokun brautar 06/24 á

Reykjavíkurlugvelli:

Lokun brautar 06/24 á Reykjavíkurlugvelli svokallaðrar neyðarbrautar hefur í vetur sýnt sig vera áhættusamt hættuspil. Það hefur komið í ljós að sjúkraflygvélar hafa ekki getað lent í Reykjavík né annars staðar á Suðvesturhorninu með bráðveikt fólk sem hefur þurft á nauðsynlegri umönnun að halda á eina hátækni sjúkrahúsi landsmanna.

Með lokun brautarinnar var aðgengi að þessari bráðnauðsynlegu þjónustu sett í verulegt uppnám og áhættu. Úr því þarf að bæta án tafar með því að opna brautina á ný uns jafn örugg og trygg lausn er fundin.

Þá hefur komið í ljós að umfjöllun um brautina og að hluta rökstuðningur fyrir lokun hennar hefur verið byggður á röngum forsendum samanber ítarlega athugun

Öryggisnefndar félags íslenskra atvinnuflugmanna ÖFÍA. Niðurstaðan var að útreiknaður nothæfisstuðull Reykjavíkurlugvallar skv. ICAO staðli á braut 06/24 í skýrslu Eflu væri rangur og að ekki hefði verið tekið með í reikninginn bremsuskilyrði á flugbrautunum.

Að betur athuguðu máli eftir reynslu vetrarins hljóta málsaðilar að vilja axla ábyrgð og endurskoða þá stöðu sem sjúkraflugið hefur verið sett í.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar skorar á borgarstjórn Reykjavíkur, Alþingi og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að tryggja öryggi íbúa landsbyggðanna og ferðafólks með því að opna neyðarbrautina að nýju, í það minnsta þangað til önnur jafn trygg og örugg leið hefur verið opnuð.”

Samrit: Samgöngu-og sveitarstjórnarráðherra,Alþingi umhverfis-og samgöngunefnd og fjárlaganefnd.

Virðingarfyllt,


Inga Þorvaldsdóttir.